

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá 1. minni hluta félagsmálanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, sænskir, norskir og finnskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag, njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. 1. minni hluti telur frumvarpið ganga of skammt. Annars staðar á Norðurlöndum fá norrænir ríkisborgarar kosningarrétt til sveitarstjórna um leið og þeir skrá lögheimili í viðkomandi landi. Sama á að gilda hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum að mati 1. minni hluta og er lögð til breytingartillaga í þá veru.

Jafnframt leggur 1. minni hluti til að aðrir erlendir ríkisborgarar en norrænir fái kosningarrétt til sveitarstjórna eftir þriggja ára búsetu hér á landi. Er þetta til samræmis við norrænar reglur, svo og reglur frumvarps til laga um útlendinga um búsetuleyfi, en veita má útlendingi slíkt leyfi eftir samfellda þriggja ára dvöl hér á landi. Er það mat 1. minni hluta að með frumvarpinu sé allt of skammt gengið í þessum málum.

Þá telur 1. minni hluti að með þeim breytingum sem nú er verið að gera hefðu átt að koma heimildarákvæði um rafrænar kosningar. Í því felst framtíðarsýn sem er óhjákvæmileg og hefði verið nauðsynlegt að taka á því efni nú með afgerandi hætti. Slíkt er ekki gert, þrátt fyrir umsagnir og óskir um lögfestingu slíkrar heimildar nú. Það hefur sýnt sig í aðdraganda væntanlegra sveitarstjórnarkosninga að margir nýttu sér rafrænt fyrirkomulag við val framþjóðenda og hefði það verið tilvalin reynsla til að nýta í kosningunum. Leggur 1. minni hluti því til að slík heimild verði sett í ákvæði til bráðabirgða.

Að öðru leyti er 1. minni hluti samþykktur þeim breytingum sem felast í frumvarpinu, svo sem að fallið er frá kröfu um meðmælendur á framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri, svo og öðrum þeim breytingum sem lúta að samræmi við lög um kosningar til Alþingis.

Alþingi, 19. mars 2002.

Guðrún Ögmundsdóttir,  
frsm.

Ásta R. Jóhannesdóttir.